

Fundargerð

133. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs haldinn á skrifstofu sjóðsins þriðjudaginn 22. des. 2009 kl. 12⁰⁰–13⁵⁰.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGP), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Bryndís Skúladóttir (BS)
Ögmundur Einarsson (ÖE) (fjarverandi) Guðlaugur G. Sverrisson (GGS), fundarritari.
Sigurður Örn Guðleifsson (SÖG)
Guðfinnur G. Johnsen (GGJ)

1. Fundargerð

Lögð fram fundargerð síðasta fundar (132. fundar). Engar athugasemdir frá fundarmönnum við fundargerðina.

2. Smurolíumál

Farið yfir málefnið og fund umhverfissráðuneytisins með Samkeppniseftirlitinu. Framkvæmdastjóri Úrvinnslusjóðs sat fundinn.

3. Drykkjarvöruumbúðir með skilagjaldi

Í lögum um Úrvinnslusjóð er ákvæði til bráðabirgða um að leggja skuli úrvinnslugjald á einnota umbúðir með skilagjaldi 1. janúar 2010. Umhverfissráðuneytið hefur óskað eftir frestun gildistöku á bráðbirgðaákvæðinu til 1. janúar 2011.

4. Þjónustuaðilar – hjólbarðar og heyrúlluplast

Loftorka Reykjavík efh óskar eftir að gerast þjónustuaðili við meðhöndlun á heyrúlluplasti, svæði I

Bílaleiga Húsavíkur óskar eftir að gerast þjónustuaðili við meðhöndlun á hjólbörðum, svæði V

Guðmundur Steinþórsson, bóndi, óskar eftir að gerast þjónustuaðili við meðhöndlun á heyrúlluplasti sem fellur til á býli hans

Umsóknir samþykktar.

5. Önnur mál

Varðandi útboð á spilliefnum kom í ljós að samningur er í gildi um meðhöndlun spilliefna sem berast á söfnunarstöðvar á höfuðborgarsvæðinu. Málið frestast.

Tillaga að fyrsta fundur á nýju ári þriðjudaginn 12. janúar kl. 12:00 og svo áfram á þriggja vikna fresti. Samþykkt.

Dreifing: stjórn Úrvinnslusjóðs og á vefsíðu Úrvinnslusjóðs